

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Hæða, Birkihæð 1.

Breytingin varðar lóð nr. 1 við Birkihæð og gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits á lóðinni og þar er gert ráð fyrir byggingu, 18,26 m² sólstofu.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð sem óveruleg breyting í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulag Hlíðarbyggðar, Hlíðarbyggð 7, 9, 27, 29, 45 og 47.

Breytingin nær til endaraðhúsanna 7, 9, 27, 29, 45 og 47 og gerir hún ráð fyrir byggingarreit sem er 4x11 m og að þar verði heimilt að reisa viðbyggingu á neðri hæð sem verði 40 m² að hámarksstærð. Heimilt verði að reisa allt að 15 m sólstofu út frá efri hæð.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 10. mars 2011.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.